




# Háteigur



12. árgangur 7. tbl.

22. ágúst 2008

## HAUSTBRÉF

<http://www.hateigsskoli.is>

### Frá skólustjóra

Ágætu lesendur,

Þegar þið fáði Háteig í hendurnar er skólinn hafinn. Eftir sólríkt og notalegt sumar og mikið hopp og híf um grundir og mela er gott að koma í hús og koma reglu aftur á líf sitt. Lífið fer að hafa sinn vana og góða gang sem er svo notalegt. Þeim mun meira sem við höfum slett úr klaufunum og verið í störukeppni við sólina þeim mun tilbúnari erum við að byrja. Þannig finn ég að starfsfólk skólans hefur gert margt og lent í ýmsum ævintýrum í sumarlandinu sem gaman er að heyra af. Ég er viss um að mörg börn hafa frá ýmsu að segja eftir sumarið, í krókum, í frásögnum, í myndum og með hverjum þeim hætti sem hægt er að miðla góðu ævintýri til annarra.

Við þurfum svo öll að taka höndum saman eftir að við byrjum og undirbúa afmæli skólans sem verður 15. nóvember. Þá ætlum við að segja sögur úr skólalífinu og dusta rykið af gömlum gögnum, rannsaka og kanna. Hvernig var þetta áður fyrr og hvernig er þetta núna? Það er því spennandi tími framundan, en við höfum hugsað okkur að reyna eftir megni að undirbúa afmælið þannig að við séum að læra það sem við eigum að læra um leið og við útbúum efni til að sýna og nota til frásagnar. Það er tilhlökkun í Háteigsskóla og vonandi verður svo einnig meðal nemenda og foreldra þegar nær dregur.

Um leið og ég býð alla velkomna til starfa vil ég vekja athygli á nýju starfsfólki og því fólki sem er að koma aftur til starfa og bjóða það sérstaklega velkomnið. Nýir kennarar eru þessir: Arnheiður Jónsdóttir verður umsjónarkennari í 5. bekk. Dóra Marteinsdóttir verður umsjónarkennari í 7. bekk. Guðný Guðlaugsdóttir kemur nú aftur til starfa en hún mun taka við af Erlu Súsönnu Þórisdóttur umsjónar- og dönskukennara sem fer í barnsburðarleyfi þegar líður á veturinn. Guðný mun einnig koma að kennslu í 4. bekk. Heiðveig Hanna Friðriksdóttir kemur einnig aftur til starfa og verður umsjónarkennari í 6. bekk. Helga Sigurmundsdóttir sérkennari kemur úr námsleyfi. Sigrún Erla Ólafsdóttir kemur til starfa sem umsjónarkennari í 4. bekk en verður í 50% starfi til að byrja með. Sigrún Þóra Skúladóttir verður umsjónarkennari í 8. bekk og náttúrufræðikennari. Valgerður Jónsdóttir er nýr íþróttakennari. Aðrir

nýir starfsmenn sem starfa hér í húsi eru Ólafur Brynjar Bjarkason sem verður forstöðumaður frístundaheimilis Háteigsskóla og tekur við af Lenu Hákonardóttur og Ragnhildur Bjarnadóttir hjúkrunarfræðingur mun starfa við skólann í barnsburðarleyfi Tinnu Knútsdóttur hjúkrunarfræðings.

Mig langar í lokin að þakka foreldrum góða þátttöku í skoðana-könnun um viðhorf foreldra til Háteigsskóla á vordögum, en ég fékk niðurstöðurnar nýlega í hendurnar. Könnunin kemur margvíslegum mikilvægum skilaboðum á framfæri sem við þurfum að skoða nánar og læra af en einnig að vera þakklát fyrir. Almennt er niðurstaðan mjög góð en aðalskilaboðin erum við sérstaklega þakklát fyrir, en þau eru að 87.1% foreldra eru ánægðir með skólann.

Verið öll hjartanlega velkomin til starfa.

Ásgeir Beinteinsson, skólustjóri Háteigsskóla.

### Foreldraviðtöl, starfsdagar og vetrarfrí

Eins og kom fram á skóladagatali sem var sent heim í vor og er á heimasíðunni, verða foreldraviðtöl 7. október og 3. febrúar. Starfsdagar verða 1. október, 2. og 26. janúar, 25. febrúar og 9. júní.

Vetrarfrí verður heil vika eins og í fyrra, 20. – 24. október.

### Heimanám fyrir nemendur í 5. – 10. bekk

Frá og með miðvikudeginum 3. september býðst nemendum í 5.-7. bekk að vinna að heimanámi í skólanum tvo daga vikunnar, þ.e. mánudaga og miðvikudaga kl. 14:30-15:30. Heimanámið verður í stofu A301 og umsjón með því hefur Guðný I. Einarsdóttir kennari. Gjaldið fyrir tímabilið frá 3. september til og með 21. janúar er: Einu sinni í viku kr. 5.100 (17 skipti), tvisvar í viku kr. 10.200 (34 skipti). Athuga ber að lágmarksþátttaka í hvern tíma eru 12 nemendur. Ef sá fjöldi næst ekki verður ekki farið af stað með heimavinnutímana. Umsóknareyðublöð er hægt að fá á heimasíðu skólans og hjá ritara.

### Ábending frá íþrótt- og sundkennurum

Í íþróttatímum er ætlast til þess að nemendur séu í íþróttafötum og íþróttaskóm með ljósum sóla.

Nemendur eiga að klæðast sundfötum í sundtímum, þ.e. strákar í sundskýlum og stúlkur í sundbolum. Ekki gengur að nota bikini eða sundbuxur.

## Heitur matur í hádeginu

Nemendum býðst að vera í áskrift að heitum mat í hádeginu. Máltíðin kostar 250 kr. og borgað er mánaðarlega fyrirfram. Hægt er að segja mataráskriftinni upp með mánaðar fyrirvara. Ekki er hægt að kaupa staka máltíð. Umsóknar-eyðublað eru á netinu og fara líka heim með nemendum föstudaginn 22. ágúst og skal skila þeim til umsjónarkennara eða á skrifstofu skólans á mánudaginn 25. ágúst.

## Ástundun nemenda

Allir kennarar skrá hegðun og mætingar nemenda í skólanum. Ástundun nemenda 6. - 10. bekkjar verður send heim á u.p.b. mánaðarfresti. Allir forráðamenn hafa netaðgang að upplýsingum um ástundun barna sinna í Mentor ásamt fleiri upplýsingum sem kennari kys að setja á netið. Slóðin er <http://www.mentor.is>. Á unglíngastigi er skólasóknar-einkunn tengd ástundun og birtist hún á prófskránni.

## Mjólkuráskrift

Mjólkuráskriftartímabilið eru tvö, eitt á hvorri önn. Fyrri áskriftartímabilið hefst miðvikudaginn 27. ágúst og lýkur 19. janúar. Annars vegar er um að ræða einfalda áskrift (þ.e. einn drykkur á dag sem afhentur er í nestistíma kl. 10:10) og hins vegar tvöfalda áskrift (þ.e. tveir drykkir á dag í nestistíma kl. 10:10 og í hádegis eða í frístundaheimili). Athugið að nemendur sem eru í mataráskrift fá vatn að drekka með matnum þannig að þeim nægir einföld áskrift. Sama gildir um þá sem eru í nestisáskrift í frístundaheimili, þ.e. nestinu fylgir mjólk.

Umsjónarmaður með mjólkursölunni mun ganga í stofur á mánudag 25. ágúst og þriðjudag 26. ágúst og taka við greiðslum vegna áskriftar. Einnig er hægt að borga áskriftina inn á reikning skólans en þá verða forráðamenn að koma með kvittun í skólann eða láta senda hana. Reikningsnúmer er 0111-05-64112 og kennitala skólans 671088-2639. Skrifðu nafn barnsins og bekk á kvittunina.

### Áskrift:

Verð fyrir 84 skipti:	einföld	tvöföld (2svar á dag)
Léttmjólk ¼ l	2.000 kr.	4.000 kr.

## Minnisatriði í upphafi skóla

Hvers konar notkun farsíma er bönnuð í kennslustofum. Það á að vera slökkt á sínum og þeir eiga að vera í töskum eða vösum. Verði misbrestur á er síminn tekinn af nemanda og hann aðeins afhentur forráðamanni. Farsímar, geislaspylarar og önnur verðmæti eru best geymd heima. Allir þurfa að muna eftir því að fá sér inniskó þar sem nemendur fara úr útiskóm við útidyr.

Nemendum 7. – 10. bekkjar gefst kostur á að fá lánaðan læstan skáp gegn 1000 kr. tryggingargjaldi sem fæst endurgreitt þegar lykli er skilað að vori.

Nemendur eru beðnir að forðast eins og kostur er að koma með verðmæti með sér, enda getur skólinn ekki tekið neina ábyrgð á verðmætum ef þau hverfa.

Hjólreiðar eru ekki leyfðar á skólalóðinni á skólatíma. Sama gildir um hjólaskauta, hjólaskó, hlaupahjól og hjólabretti.

## Félags- og námsráðgjöf í Háteigsskóla

Í Háteigsskóla er starfandi félagsráðgjafi í hálfu starfi, fyrir hádegis. Hún heitir Sigríður Sigurðardóttir og sinnir félags- og námsráðgjöf fyrir skólann. Foreldrum er einnig velkom- ið að leita beint til hennar með erindi varðandi börn sín.

## Skólasund veturinn 2008 – 2009

Eins og undanfarin ár verður sundið á föstudögum í Sundhöll Reykjavíkur (fyrir og eftir hádegis) og í sundlaug Austur- bæjarskóla (fyrir hádegis). Einnig verður sund fyrir 5. og 7. bekk á fimmtudagsmorgnum í Sundhöllinni.

Nemendur í 4. bekk eru í sundi allan veturinn og eru tímar þeirra á stundaskrá. Aðrir nemendur (1.-3. bekkur) eru ýmist í sundi á haust- eða vormisseri. Nemendum er ekið milli laugar og skóla. Á föstudagsmorgnum verða nemendur í 4. bekk að vera mættir aðeins fyrir en venjulega því rútan fer frá skólanum kl. 8:15. Nemendur í 1.-3. bekk fara úr kennslustundum frá umsjónarkennurum. Starfsmaður skólans fylgir nemendum 1. - 4. bekkjar í rútnu milli laugar og skóla.

### Föstudagur:

Kl.	Frá skóla	Haustmisseri	Vormisseri
8:30-9:10	8:15	4. IRB	4. SÓ
9:10-9:50	8:55	3. RH	3. JOS
10:10-10:50	9:55	2. KR	2. HP
10:50-11:30	10:35	4. SÓ	4. IRB
11:40-12:20	11:25	Aukatími	
13:00-13:40	12:45	1. GBJ	1. HHP

Skipti verða á 4. bekknum 23. janúar, þ.e. 4. SÓ byrjar þá fyrst á morgnana í stað 4. IRB

Nemendur í 5. og 7. bekk eru í sundi allan veturinn í Sundhöllinni á fimmtudagsmorgnum. Nemendur í 7. GH eru í sundi á haustmisseri og mæta beint upp í Sundhöll kl. 8:25. Á vormisseri mæta nemendur í 7. DM beint þangað. Nemendur 5. LG eru í sundi á haustmisseri og 5. AJ á vormisseri. Nemendur 6. bekkjar eru í sundi á vormisseri. Nemendum 5.-7. bekkjar er ekið milli laugar og skóla nema 7. bekkjar sem mæta beint í Sundhöll á morgnana.

### Fimmtudagur:

Kl.	Frá skóla	Haustmisseri	Vormisseri
8:30-9:10		7. GH	7. DM
9:10-9:50	8:55	5. LG	5. AJ

### Föstudagur:

13:40-14:20	13:25		6. bekkur
-------------	-------	--	-----------

Nemendur í 10. bekk eru í sundi í Sundhöllinni á haustmisseri ásamt 8. SA og eru tímar þeirra skráðir á stunda- töflu. 9. bekkur og 8. SPS eru síðan á vormisseri.

Kl.	Haustmisseri	Vormisseri
13:40-14:20	8. SA	
14:30-15:10	10. HB	8. SPS
15:10-15:50	10. MHS	9. bekkur

Síðasti sundtími hópa á haustmisseri er 15. og 16. janúar og nemendur vormisseris byrja 22. og 23. janúar.

## Öryggiseyðublað

Allir nemendur fá í upphafi skólaársins heim með sér öryggiseyðublað líkt og við höfum notað undanfarin ár. Eyðublaðið nýtast mjög vel til að tryggja að allar upplýsingar um nemendur séu réttar í skrá skólans. Aðalkostur þeirra er að til þeirra getur starfsfólk gripið ef slys eða skyndileg veikindi ber að höndum. Forráðamenn eru beðnir um að sjá til þess að eyðublaðið berist umsjónarkennurum á mánudag.

